



Reykjavík, 5. október 2020

Efni: Sundlaugar og baðstaðir

Reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 957 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem tekur gildi 5. október og gildir til og með 19. október nk. hefur eftirfarandi áhrif á sundlaugar og baðstaði.

Gestafjöldi á sund- og baðstöðum má aldrei vera meiri en 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi og tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 1 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.

Þrif og sótthreinsun

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti sé tryggt við innganga og í grennd við snertifleti t.d. snertiskjái, tæki og skápa. Við hvetjum alla til að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengi og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðarhúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, greiðsluposum og ljósarofum.
- Sótthreinsun og þrif sé eins oft og unnt er.
- Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.
- Minnum almenning og starfsmenn á einstaklingssóttvarnir bæði með merkingum og skiltum.

Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnlega, með merkingum eða skiltum.

Mikilvægt er að við virðum samfélagssáttmálann því við erum öll almannavarnir!